

# Hvernig timbur viljum við fá út úr skóginum?

Við erum búin að fá sónnum þess að hægt er að rækta skóga á Íslandi. Nú þurfum við að fara að huga að því hvernig við ætlu að nota þá og í hvad timbrið á að nýast. Afurð, eins og kolefnislosun með skógrækt í arðsemissskynni, er ekki gott mál sé horft til þess hvernig skóg við erum að rækta frá sjónarmiði nytja. Hvers vegna ekki að framleiða trú fyrir aflausmarbréf? Mín vegna er þessi nýja aðferð til að afla penninga fyrir skógrækt ekkert verri en hver önnur. Réttast er þó að horfa til framtíðar og velji trjátegundir sem við getum nýtt og haft stjórn á í ræktuninni því það er ekki sama hverju er plantað né hvar. Skógarbændur og timburframleidendur þurfa að rækta og framleiða timbur úr þeim trjám sem henta t.d. til húsbryggings eða annars iðnaðar eins og fyrir járnblendsverksmiðjur eða kísil- og pappírsframleiðslu. Dæmi má taka um timburvinnslusýrfirrtæki á Norðurlöndum sem vilja fá rauðgreni og skógarfurð í sína framleiðslu. Ástæðan er sú að timburgeðin úr þessum trjám við réttá ræktun verða einsleit. Skógarbændur á Norðurlöndum sem rækta barrtré til timburvinnslu hafa lagt sig í líma við þessa ræktun og náið þessum árangri. En hver er árangurinn sér frá náttúrusjónarmiðum? Það hafa orðið til nytjaskógar þar sem dýr hafa flæmst í burtu, þetta eru ekki náttúruskógar



Eirikur  
Þorsteinsson

þar sem tré fá að rotna og fuglarnir og önnur dýr fá að njóta góðs af villtri náttúru.

Einnig má taka daemi um próun á efnisvali við límréframeiðslu. Að sinum tima, þegar límréframeiðsla hófst, þótti hakvgæmt að framleiða úr lélégu og ódýru timbri, timbri úr náttúruskógunum. Kvistirnir voru sagaðir úr og búnar til lamellur sem voru sem kvistaminnstar og úr þeim varð límtré. Í dag er eingöngu notat timbur úr rauðgreni til að sem minnstur efnis- og viðmislukostnaður verði og að límréð verði einsleit. Við kyntumst þessu þegar göngubrúin yfir Þjórsá var gerð árið 2020. Með sannferingarmatti fengum við Norsk treteknik, sem er vottunar- aðili fyrir Límtré á Flúðum, til að samþykja íslenskt greni í límré fyrir brúna. Þegar framleidendur á timbri úr barrtrjám á Norðurlöndum komu sér saman um bók árið 2020 til að útilitsfloka timbur eftir var hún eingöngu skrifauð fyrir rauðgreni og skógarfurð. Þegar við þyddum bökin fyrir íslenskan barrvið þá voru ekki bara skógarfurð og rauðgrenið tekin með heldur tökum við líka með sitkagreni, stafafuru og þær lerkitegundir sem vaxa hér. Sem sagt allur barrviður sem við getum tekið til viðarvinnslu því við vorum að hugsa um náttúruskógan.

Pær blaðagreinar um skógrækt sem hafa komið fram að undan-

» Afurð, eins og kolefnislosun með skógrækt í arðsemissskynni, er ekki gott mál sé horft til þess hvernig skóg við erum að rækta frá sjónarmiði nytja.

fóru hafa aðallega fjalla um áhrif skógræktar á umhverfi okkar og margar um stefnuleysi í þeim málum.

## Stefnuleysið í skógrækt

Stefnuleysið í skógrækt snýr ekki eingöngu að útsýnini sem við missum vegna trjáa eða hve miklu við viljum breyta af okkar landi fyrir skógrækt. Stefнuleysið snýr einnig að því hvernig á að nota skóginn í framtíðinni. Erum við að tala um skóga til timburvinnslu, og þá val að trjátegundum svo sem rauðgreni og skógarfurð, eða er þetta skógr til brennslu í idnaði og/eða til upphitunar og val á trjátegundum yrði þá t.d. birki, stafafura og sitkagreni? Sem sagt stefnuleysið snýr að vali á trjátegundum og hvort það eigi að vera náttúruskógar t.d. eins og Heidiðrök eða nytjaskógar.

Stefnuleysið birtist líka í ræktun baendaskóga, það getur ekki bara verið nög að rækta skóg. Samfélagið gerir kröfu um gæði og tilgang,

## Tekifæri til framtíðar

Ísland er skóglitið land og því eru möguleikar til skógræktar mikilir. Um hundrað ára saga íslenskrar skógræktar hefur sýnt að hægt er

að rækta trjátegundir til timburionadar með góðum árangri. Vísindamenn telja að hlynun jarðar næstu áratugi sé óumflýjanleg.

Það muni hafa í för með sér mikla grðóureydingu á heitum svæðum og bráðunum jöklar, sem raskar jafnvægi hafstráuma. Vestraenar þjóðir reiða sig á skóga og timbrið sem úr þeim kemur. Ísland er þar engin undantekning. Mikill innflutningur er á timbri til landsins með tilheyrandí kolefnislosun. Skógarbændur á um 500 skógræktarjörðum eru með aðild að Landssamtökum skógar-eigenda. Allt bendir til þess að þessi tala munu hækka ef miðað er við ásókn landeigenda vitt og breitt um landið sem vilja hefja skógrækt. Langflestir skógarbændur eru að rækta skóg til timburframleiðslu og má því segja að aukið skjól, hefting jarðfoks, ríkulegri beitarmöguleik-

ar, aukin uppskera, jafnari vatnsbúskapur og kolefnisbinding séu dæmi um aukaafurðir skógarins. Með skógrækt má byggja upp atvinnu á landsbyggðinni, allt frá plöntuframleiðslu, grðóurstettingu og umhverfum jafnt og þett fram að lokahoggi. Úr íslenskum skógam má vinna gaðaði af ýmsu tagi. Íslenskt timbur er ekki síðra að gaðum en það innflutta sé rétt að verki staðið í framtíðinni við ræktunina. Samhlíða vel hirtum og stækkandi skógun fer skógarmannenngálfanum á Íslandi einingi vaxandi og er það tilhlökkunarefni að vita til þess að Island geti orðið sjálfu sér naegt um íslenskt timbur í ekki svo fjarlaugri framtíði. Framtíð í skógrækt er ekki bara 100 ár, hún er miklu lengri.

Höfundur er ráðgjafi hjá Tréteknirráðgjöf slf.

Nú finnur  
þú það sem  
þú leitar að  
á FINNA.is



**FINNA.Q**  
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Mbl. 22.2.2023